



Talnabrunnur

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

Embætti landlæknis

Ópíóíðar

Árið 2023 birti vinnuhópur á vegum embættis landlæknis, embættis ríkislögreglustjóra, Lyfjastofnunar, Sjúkratrygginga og Skattsins **samantekt** á tölulegum upplýsingum um sölu og afgreiðslu á ópíóíðum á Íslandi. Sú samantekt var unnin í kjölfar umræðu um vaxandi misnotkun ópíóíða á Íslandi með þeim alvarlegu afleiðingum sem slíkt getur haft í för með sér. Samantektin leiddi í ljós að þrátt fyrir að fjölgað hafi í hópi þeirra sem leystu út lyf í flokki ópíóíða árið 2022, varð ekki aukning í afgreiddu magni ópíóíða milli árana 2021 og 2022. Sú aukning sem varð á fjölda einstaklinga sem leysti út ávísun á ópíóíða var rakin til notkunar á Parkódín í tengslum við COVID-19 faraldur árið 2022.


Markmið þessa tölublaðs af Talnabrunni er að gera áframhaldandi grein fyrir þróun í notkun ópíóíða sem afgreiddir hafa verið gegn ávísun. Til viðbótar tekur greiningin til upplýsinga frá Lyfjastofnun um heildarmagn seldra ópíóíða í samanburði við heildarmagn á hinum Norðurlöndunum. Með heildarmagni er átt við ópíóíða sem notaðir eru á heilbrigðisstofnunum og í dýralækningum, auk þess sem afgreitt er í apótekum til einstaklinga gegn lyfjaávísun.

Vakin er athygli á að hlutfallstölur fyrir fyrri ár eru frábrugðnar því sem áður hefur verið gefið út. Ástæða þess er breyting á **aðferð sem Hagstofa Íslands** notar við útreikninga á mannfjölda. Áður byggði íbúafjöldi eingöngu á skráningu lögheimilis í þjóðskrá en nýja aðferðin byggir á breiðari grunni opinberra gagna og skilar því áreiðanlegri tölum um raunverulegan mannfjölda á Íslandi. Þessi nýja aðferðafræði hefur leitt í ljós að íbúafjöldi hefur fram til þessa verið ofmetinn á Íslandi, þannig að í raun eru íbúar landsins færri en áður hafði verið talið.

Þróun í afgreiðslu lyfjaávísana á ópíóíða á Íslandi


Fækkun varð milli ára á fjölda einstaklinga sem leystu út lyfjaávísun á ópíóíða, úr 69.228 einstaklingum árið 2022 í 62.545 árið 2023. Hlutfall einstaklinga sem leysti út að minnsta kosti eina ávísun á ópíóíða árið 2023 var 162/1.000 íbúa sem er líkara því hlutfalli sem var árið 2020 (156/1.000 íbúa) en fyrir þann tíma hafði notkun ópíóíða dregist saman frá því hún var mest árið 2016. Sem fyrr er umtalsverður munur á notkun ópíóíða eftir kyni og eru konur meirihluti notenda. Árið 2023 leystu 18,8% allra kvenna (188/1.000 konur) út ávísun á ópíóíða samanborið við 13,2% karla (132/1.000 karla) (mynd 1).

Í marsmánuði 2022 var lyfjafræðingum í apótekum veitt tímabundin heimild til að afgreiða 10 stykkja pakkningar af Parkódíni án ávísunar frá lækni. Þessi breyting var gerð í kjölfar mikillar útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins sem olli miklu álagi á heilbrigðisstofnanir landsins. Parkódín hefur vissa hóstastillandi verkun og var því notað við verkjum og þrálátum hósta sem sjúkdómurinn olli. Í tilraun til að aðgreina þau áhrif sem COVID-19 hafði á þróun notkunar ópíóíða, er valið að sýna einnig notkunarmynstrið án 10 stykkja pakkninganna (brotalína á mynd 1). Af þeim ríflega 62 þúsund einstaklingum sem leystu út ópíóíða árið 2023 voru tæp þrjú þúsund sem leystu eingöngu út 10 stykkja pakkningu af Parkódín.



Mynd 1. Fjöldi einstaklinga á hverja 1.000 íbúa sem leystu út ≥ 1 ávísun af lyfjum sem innihalda ópíóíða (ATC flokkur N02A og R05DA20), heildarfjöldi og greint eftir kyni, 2014-2023. *Brotalínan gefur til kynna heildarfjölda einstaklinga á hverja 1.000 íbúa sem leysti út a.m.k. eina ávísun á ópíóíða, að undanskildum þeim sem fengu afgreitt 10 stk. pakkningu af Parkóðin (norrænt vörunúmer 436044).* Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmannfjöldi).


Notkun ópíóíða vex með hækkandi aldri en árið 2023 leystu rúmlega 34% einstaklinga (342/1.000 íbúa) yfir áttræðu út ávísun á ópíóíða (mynd 2). Samdráttur varð í notkun ópíóíða árið 2023 í öllum aldursflokkum miðað við árin 2021 og 2022, að undanskildum aldurshópnum 67-79 ára.



Mynd 2. Fjöldi einstaklinga af hverjum 1.000 íbúum sem leysti út ≥ 1 ávísun á ári af ópíóíðum (ATC flokkar N02A og R05DA20) greint eftir aldursflokkum, 2014-2023. Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmannfjöldi).

Árið 2023 var afgreitt magn af ópíóíðum 20,0 DDD á 1.000 íbúa á dag sem er hið minnsta sem afgreitt hefur verið frá því að miðlæg skráning á lyfjanotkun hófst með skráningu í lyfjagagnagrunn (mynd 3). Lyf í flokki blöndu kódeíns og parasetamóls eru mest notuðu lyfin í flokki ópíóíða eða tæp 68% af því heildarmagni sem notað var af ópíóíðum árið 2023, mælt í DDD. Parkódín og Parkódín forte eru í þessum lyfjaflokki. Næst á eftir kemur tramadól með rúmlega 19% hlutdeild af því heildarmagni ópíóíða sem notað var.


Skilgreindur dagskammtur lyfja, DDD (Defined Daily Dose), er ætlaður meðaltals daglegur viðhaldsskammtur við helstu ábendingum lyfs hjá fullorðnum.




Mynd 3. Afgreitt magn (DDD) ópíóíða á hverja 1.000 íbúa á dag (ATC flokkur N02A) greint eftir árum og undirflokkum ópíóíða, 2014-2023. Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmannfjöldi).

Á mynd 4 sést fjöldi einstaklinga á hverja 1.000 íbúa sem leystu út að minnsta kosti eina ávísun á ári og afgreitt magn (DDD) á hverja 1.000 íbúa á dag, af tilteknum undirflokkum ópíóíða á árunum 2014-2023. Á árinu 2023 fjölgaði þeim sem fengu afgreidd sterk verkjalyf sem innihalda morfín, oxýkódón eða blöndu oxýkódóns/naloxóns. Samhliða varð aukning á afgreiddu magni þessara lyfja. Notkun annarra ópíóíða dróst saman á milli ára.

Af þeim sem fá afgreitt oxýkódón eða blöndu af oxýkódóni og naloxóni þá fjölgar þeim lítillega sem leysa út lítið magn. Flestir, eða um 79%, leysa út magn sem er innan við 10 DDD (hvert DDD samsvarar 75 mg tekið um munn) árið 2023 samanborið við 61% árið 2014. Á sama tímabili fækkaði þeim hlutfallslega sem leystu út háa skammta (≥ 100 DDD) af oxýkódóni eða blöndu af oxýkódóni og naloxóni, úr 12% árið 2014 í 6% 2023 (mynd 5).




Mynd 4. Afgreitt magn (DDD) á hverja 1.000 íbúa á dag (vinstri y-ás) og fjöldi einstaklinga á hverja 1.000 íbúa (hægri y-ás) sem leystu út ≥ 1 ávisun á ári af tilteknum undirflokkum ópíóíða greint eftir árum, 2014-2023. Heimild: Lyfjagagnagrunnur og Hagstofa Íslands (meðalmannfjöldi).



Mynd 5. Fjöldi einstaklinga sem leysti út ≥ 1 lyfjaáviðun á oxýkódón (ATC flokkur N02AA05) eða blöndu af oxýkódóni og naloxóni (N02AA55) greint eftir afgreiddu magni, 2014–2023. Heimild: Lyfjagagnagrunnur.


Samanburður á sölu ópíóíða á Norðurlöndunum

Sala á ópíóíðum á Íslandi fer nú aftur minnkandi eftir að hafa staðið í stað eða aukist lítillega í tengslum við COVID-19 faraldurinn á árunum 2021 og 2022. Þessi þróun er í samræmi við það sem á sér stað í hinum Norðurlöndunum en þar hefur verið stöðugur samdráttur í sölu þessara lyfja frá árinu 2010, þó í mismiklum mæli. Mestur hefur samdrátturinn verið í Danmörku en á undanförunum 15 árum hefur salan þar í landi dregist saman um rúm 45%. Árið 2023 var sala á lyfjum í flokki ópíóíða á Íslandi 21,6 DDD/1.000 íbúa dag sem er tæplega 25% meira en í Noregi sem er það land sem er næst á eftir Íslandi í seldu magni ópíóíða (mynd 7).




Mynd 7. Heildarmagn af seldum ópíóíðum (DDD/1.000 íbúa á dag), (ATC flokkur N02A) á Norðurlöndunum, 2000–2023. Heildarsala, þ.e. bæði til heilbrigðisstofnana og til afgreiðslu gegn lyfjaáviðun. Heimild: NOMESKO, (byggt á sölutölum frá þeim löndum sem skilað hafa tölulegum upplýsingum um sölu lyfja til NOMESKO. Sölutölur frá Íslandi byggjast á gögnum frá Lyfjastofnun).

Sá munur sem er á seldu magni ópíóíða á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum skýrist að mestu með meiri notkun lyfja hér á landi sem innihalda blöndu parasetamóls og kódeíns (mynd 8). Sá samdráttur sem orðið hefur í sölu ópíóíða á Íslandi á undanförunum árum er að mestu til kominn vegna minni sölu á lyfjum í þeim flokki (mynd 9). Ekki hefur verið mikil breyting í sölu á öðrum undirflokkum ópíóíða á Íslandi á undanförunum fimm árum (mynd 11). Ennfremur má sjá að á Íslandi er minnst selt af svokölluðum náttúrulegum ópíumalkóíðum, en í þann flokk falla m.a. morfín og oxýkódón (mynd 10).




Mynd 8. Heildarmagn af seldum ópíóíðum (DDD/1.000 íbúa á dag) (ATC flokkur N02A) árið 2023, greint eftir undirlyfjaflokkum.

*Fentanýl, ketóbemidón, petidín. Heimild: NOMESKO, (byggt á sölutölum frá þeim löndum sem skilað hafa tölulegum upplýsingum um sölu lyfja til NOMESKO. Sölutölur frá Íslandi byggjast á gögnum frá Lyfjastofnun).




Mynd 9. Heildarmagn af seldum ópíóíðum (DDD/1.000 íbúa á dag) (ATC flokkur N02A) árin 2019-2023, greint eftir

undirlyfjaflokkum. *Fentanýl, ketóbemidón, petidín. Heimild: NOMESKO, (byggt á sölutölum frá þeim löndum sem skilað hafa tölulegum upplýsingum um sölu lyfja til NOMESKO. **Tölur fyrir Finnland vantar alveg fyrir árið 2023 og að hluta (búprenorfín og fenýlpíperídínafleiður) fyrir árið 2022. Sölutölur frá Íslandi byggjast á gögnum frá Lyfjastofnun).



Mynd 10. Heildarmagn af seldum ópíóíðum (DDD/1.000/dag) (ATC flokkur N02A) árið 2023, greint eftir undirlyfjaflokkum að undanskildum lyfjum í ATC flokki N02AJ. *Fentanýl, ketóbemidón, petidín. Heimild: NOMESKO, (byggt á sölutölum frá þeim löndum sem skilað hafa tölulegum upplýsingum um sölu lyfja til NOMESKO. Tölur fyrir árið 2023 vantar fyrir Finnland. Sölutölur frá Íslandi byggjast á gögnum frá Lyfjastofnun).



Mynd 11. Heildarmagn af seldum ópíóíðum (DDD/1.000/dag) (ATC flokkur N02A) árin 2019-2023, greint eftir undirlyfjaflokkum að undanskildum lyfjum í ATC flokki N02AJ. *Fentanýl, ketóbemidón, petidín. Heimild: NOMESKO, (byggt á sölutölum frá þeim löndum sem skilað hafa tölulegum upplýsingum um sölu lyfja til NOMESKO. **Tölur fyrir Finnland vantar alveg fyrir árið 2023 og að hluta (búprenorfín og fenýlpíperídínafleiður) fyrir árið 2022. Sölutölur frá Íslandi byggjast á gögnum frá Lyfjastofnun).

Umræða

Jákvæð þróun varð í ávísunum og afgreiðslu á ópíóíðum á árinu 2023. Færri leystu út lyf í flokki ópíóíða það ár en árið á undan. Einnig er um að ræða minnsta magn miðað við mannfjölda, sem afgreitt hefur verið af ópíóíðum frá upphafi skráningar í lyfjagagnagrunn.

Fleiri fengu ávísað oxýkódóni eða blöndu af oxýkódóni og naloxóni árið 2023 samanborið við fyrri ár og aukning varð á afgreiddu magni þessara lyfja. Vísbendingar eru um að þeir sem fengu ávísað oxýkódóni eða blöndu af oxýkódóni og naloxóni hafi fengið lítið magn afgreitt. Þetta má ráða af því að hlutfallsleg aukning varð á fjölda þeirra sem fá 0-9 dagskammta afgreidda (79% af heild) á meðan færri fá afgreidda háa dagskammta af oxýkódóni eða blöndu af oxýkódóni og naloxóni (6%). Þrátt fyrir þetta er áhyggjuefni að notkun oxýkódóns fari vaxandi.

Ef fram heldur sem horfir verður afgreitt magn ópíóíða árið 2024 svipað afgreiddu magni undangenginna fimm ára, að undanskildu árinu 2021 þar sem lítilsháttar aukning varð í afgreiddu magni.

Embætti landlæknis hefur, ásamt öðrum stofnunum, beitt sér fyrir mótvægisáðgerðum til að sporna við ofnotkun ópíóíða og til að bæta öryggi verkjalyfjameðferðar á Íslandi. Allir læknar á Íslandi hafa aðgang að lyfjagagnagrunni þannig að erfiðara er fyrir einstaklinga að fara á milli lækna og verða sér úti um sömu eða sambærileg lyf samtímis hjá fleiri en einum lækni. Yfirstandandi innleiðing miðlægs lyfjakorts mun gera læknum enn auðveldar um vik að koma í veg fyrir óhóflegar ávísanir ávana- og fíknilyfja og mun bæta öryggi lyfjameðferðar almennt þegar fram sækir. Til að notkun ópíóíða verði viðlíka því sem er meðal nágrannaþjóða okkar þarf hún að dragast saman. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að minnka notkun Parkódín og Parkódín forte og ef við á að fleiri einstaklingar noti í staðinn verkjalyf sem innihalda ekki ópíóíða.

Védís Helga Eiríksdóttir og Jóhann M. Lenharðsson

Embætti landlæknis beinir þeim eindregnu tilmælum til lækna að gæta þess að:

- ávísar vægari verkjalyfjum fremur en ópíóíðum til verkjastillingar, þegar það er unnt,
- ávísar minnsta viðeigandi skammti og magni lyfja þegar um skammtímameðferð er að ræða, t.d. eftir aðgerð,
- hafa hugfast að lækni er heimilt að ávísa minna magni lyfs en sem nemur minnstu pakkningu. Lækni væri þannig í lófa lagt að ávísa t.d. 5 forðatöflum af oxýkódóni, þurfi á annað borð að ávísa svo sterku verkjalyfi,
- brýna fyrir sjúklingum að leysa ópíóíðana ekki út nema ástæða sé til,
- gæta þess að skoða lyfjasögu sjúklings áður en ópíóíðum er ávísað,
- kynna sér *Leiðbeiningar um góða starfshætti lækna við ávísun ávana- og fíknilyfja og fleiri lyfja sem hafa misnotkunarhættu í för með sér.*

Efni

Ópíóíðar 2023

Ritstjórn

Védís Helga Eiríksdóttir, ritstjóri
Sigríður Haralds Elínardóttir, ábm.
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Katrínartúni 2
105 Reykjavík
S. 510 1900
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is